

Þingsályktun

um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á stofn nefnd er vinni að gerð tillagna um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi í Strandasýslu á grundvelli samþykktar norrænu ráðherranefndarinnar frá 12. nóvember 1996 og leita eftir viðtæku samstarfi heimamanna og félagasamtaka í þeim tilgangi.

Samþykkt á Alþingi 15. mars 2003.